

Nd.

585. Nefndarálit

[139. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd athugaði þetta frv., en samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar er því meðmæltur. En undirritaður telur ekki ástæðu til að veita þá lánsheimild, sem farið er fram á í frv., a. m. k. ekki að svo stöddu, og leggur á móti því, að frumvarpið verði samþykkt.

Greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða hafa aukizt gífurlega á síðustu 2—3 árum. Undanfarin 7 ár hafa þær greiðslur verið sem hér segir:

1956	kr. 18 313 367.08
1957	— 21 211 623.83
1958	— 23 852 172.70
1959	— 28 933 896.59
1960	— 49 884 015.61
1961	— 75 518 556.64
1962	— 113 323 771.24

Skýrslur sýna m. a., að síðan 1960 hafa greiðslur ríkisins vegna ábyrgða á lánum hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva aukizt stórkostlega, og tala þeirra fyrirtækja, sem reka þá starfsemi, en hafa ekki getað staðið í skilum með greiðslur af lánunum, hefur margfaldazt. Fiskafli hefur aukizt mjög síðustu árin, og starfsemi fiskvinnslustöðvanna vaxið að sama skapi. Hefði því mátt vænta þess, að rekstrarafkoma þeirra fyrirtækja hefði verið þannig, að þau gætu staðið í skilum með greiðslur af stofnlánum ekki síður en áður. En stórauknar greiðslur ríkisins af þeim lánum benda til þess, að hagur fyrirtækjanna sé nú þrengri en áður. Vaxtahækkunin og fleiri efnahagsráðstafanir á síðustu árum hafa orðið þeim þungbærar.

Á árunum 1959—1960 tók ríkið á sig ábyrgð á útlendum lánum til kaupa á 5 nýjum togurum, að upphæð samtals um 17.6 millj. þýzkra marka. Vegna þessara ábyrgða hefur ríkið orðið að greiða stórar fjárhæðir síðustu 2 árin. Árin 1962 námu þær greiðslur yfir 30 millj. króna. Um síðustu áramót voru ógreiddar eftirstöðvar af þessum ríkisábyrgðalánum tæpar 15 millj. þýzkra marka, eða um það bil 162 millj. króna.

Fjárhagsnefnd fékk eftirfarandi upplýsingar frá ríkisbókhaldinu um tekjur og gjöld ríkisábyrgðasjóðsins.

Árið 1961.

Tekjur:

Af verðhækkunartekjum vegna gengisbreytingar	kr. 75 413 406.91
Ríkisábyrgðagjald	— 1 081 137.67
Vaxtatekjur	— 389 690.30

Kr. 76 884 234.88

Gjöld:

Greiddar ábyrgðakröfur ÷ innborganir	kr. 71 259 356.54
Tekjuafgangur	— 5 624 878.34

Kr. 76 884 234.88

Árið 1962.

Tekjur:

Ríkisábyrgðagjald	kr.	1 755 599.50
Af verðhækkunartekjum vegna gengisbreytingar	—	23 665 493.85
Fjárveiting 1962	—	38 000 000.00
	Tekjuhalli	— 44 698 653.95
		<hr/> Kr. 108 119 747.30

Gjöld:

Greiddar ábyrgðakröfur ÷ innborganir	kr.	108 119 747.30
--------------------------------------------	-----	----------------

Hér kemur fram, að síðustu 2 árin hefur orðið halli hjá sjóðnum, að upphæð kr. 39073775.61. Þessa fjárhæð þarf ríkissjóður að greiða af tekjum ársins 1962 umfram áætlaða fjárveitingu til greiðslu á ríkisábyrgðum á fjárlögum fyrir það ár.

Í framsöguræðu í neðri deild 29. f. m. um þetta frv. lét fjármálaráðherra þess getið, að framlagið til ríkisábyrgðasjóðsins á fjárlögum væri áætlunarupphæð. Af því leiðir, að ríkissjóður leggur ekki fram meira fé en ábyrgðagreiðslunum nemur ár hvert, þó að áætlað framlag á fjárlögum sé hærra. Ef hins vegar áfallnar ríkisábyrgðir eða fjárþörf ríkisábyrgðasjóðs verður eitthvert árið meiri en fjárlagaupphæðinni nemur, verður að mæta því með umframgreiðslu úr ríkissjóði.

Því miður eru horfur á, að allmiklar ábyrgðakröfur muni falla á ríkissjóð á næstu árum. Og það verður að teljast mjög óhyggilegt að velta þeim byrðum yfir á framtíðina. Hitt er skynsamlegra, að borga kröfurnar úr ríkissjóði á því ári, sem þær falla í gjalddaga, eins og ætíð hefur verið gert á liðnum árum.

Í fjárhagsnefndinni var óskað upplýsinga um afkomu ríkissjóðs árið 1962. Þau svör fengust, að ríkisbókhaldið hefði ekki lokið ríkisreikningi fyrir það ár. Aðrar upplýsingar fékk nefndin ekki, og liggur því ekki fyrir, hvernig útkoman hefur orðið af ríkisrekstrinum árið sem leið. En þar sem kunnugt er, að ríkistekjurnar voru mjög miklar á því ári, verður að óreyndu að gera ráð fyrir, að þær hafi hrokkið fyrir gjöldunum, svo að ríkissjóður hafi getað borgað það, sem honum bar, þar á meðal ríkisábyrgðakröfurnar, þó að þær færu fram úr áætlun fjárlaganna. Minni hl. nefndarinnar telur því aðeins koma til álita að taka lán til greiðslu á rekstrargjöldum ríkisins, að greiðsluhalli sé hjá ríkissjóði.

Engar spár skulu hér uppi hafðar um væntanlega afkomu ríkissjóðs á árinu 1963, en engin ástæða virðist til að veita heimild til lántöku vegna greiðslu á rekstrargjöldum ríkisins á því ári, svo skömmu eftir að fjárlög voru afgreidd. Ef það kemur í ljós, þegar liður að lokum ársins, að greiðsluhalli muni verða hjá ríkissjóði, er hægt að taka slíkt lántökumál upp á Alþingi.

Það er tillaga minni hlutans, að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Skúli Guðmundsson.